

Tegund umsóknar: Styrkur
Umsækjandi: Félag heyrnarlausra
Lýsing verkefnis: Öflugt samstarf óskast!

Félag heyrnarlausra er hagsmunafélag heyrnarlausra og heyrnarskertra á Íslandi og hefur starfað frá árinu 1960. Verður því félagið 60 ára þann 11 febrúar 2020. Markmið félagsins er að standa vörð um réttindi heyrnarlausra og tryggja að þeir njóti jafnræðis hvarvetna í samfélaginu á grundvelli táknmáls. Einnig vinnur félagið að því að styrkja stöðu íslenska táknmálsins, móðurmáls heyrnarlausra, auk þess að vinna að forvarnarverkefnum í geðheilbrigðismálum heyrnarlausra. Heyrnarlausir hafa mátt heyja langa og erfiða réttindabaráttu og lengi þurftu þeir að þola mismunun á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Aðal baráttumál okkar þessi misserin hefur verið að berjast fyrir aðgengi að táknmálstúlkum út í þjóðlífinu og vinnustaðatúlkun. Nú er allur túlkasjóðurinn uppurinn og fá heyrnarlausir ekki túlka síðustu 3 mánuði ársins til að eiga samskipti út á við né á vinnustað. Einnig verða heyrnarlausir fyrir höfnunum um umsóknir í háskóla þar sem þeir treysta sér ekki að kosta túlka í tímum.

Félag heyrnarlausra er með nokkur virk réttindamál á sínum snærum til að tryggja aðgengi okkar fólks um túlkabjónustu og er þessi liður félaginu mjög kostnaðarsamur félaginu. Er það von okkar að fá öflug fyrirtæki í lið með okkur til að samfélagið geti fjárfest í virku og sjálfstæðu heyrnarlausu fólki á vinnumarkaði, með aðgang að vinnustaðatúlkun enda sýna útreikningar að það er mun meira hagræði fyrir þjóðfélagið að hafa heyrnarlausu virka skattgreiðendur á vinnumarkaði í stað þess að vera óvirkir bótaþegar.

Önnur helstu verkefni félagsins eru á árinu 2020 Kostnaðaráætlun:

1. 60 ára afmælishátíð Félags heyrnarlausra 3.000.000
2. Efla menntunarsjóð heyrnarlausra til endurmenntunar og fræðslu til þeirra. 1.000.000
3. Hagsmunamál og réttindabarátta. 1.800.000
4. Efling á forvarnastarfi með útgáfu myndbandsefnis á táknmáli 800.000
5. Efling á atvinnumálum fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta. 2.400.000
6. Efla upptökustudio heyrnarlausra til að efla táknmálsviðmót á vef félagsins 1.200.000
7. Gerð barnaefnis á táknmáli 900.000

Það er von okkar að fá öflugna samherja með okkur í lið til að virkja okkar fólk til jafns á við aðra í samfélaginu.

Fjárhæð styrks sem sótt er um: 200-500.000

Ábyrgð - nafn: Þróstur Friðþjófsson